

Reginn hf.

Aðalfundur 10. mars 2021

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Regins hf. sem haldinn verður í Hvammi fundarsal á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík, miðvikudaginn 10. mars 2021 klukkan 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi samkvæmt 15. gr. samþykka félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum í samræmi við ósk stjórnar þar að lútandi.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.

Tillögur stjórnar Regins hf.

2. Ársreikningur

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2020 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar vegna rekstrarársins 2020

Arðgreiðslustefna Regins hf. felur í sér að greiða til hluthafa fjárhæð sem nemur um 1/3 hluta hagnaðar næstliðins rekstrarárs annað hvort í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum og lækkun á hlutfé. Í arðgreiðslustefnu félagsins er tiltekið að taka eigi tillit til áhættu í ytra umhverfi og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu. Með vísan til óvissu í þróun efnahagsmála í landinu, vegna COVID faraldursins, leggur stjórn félagsins til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins.

4. Starfskjarastefna

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi breytingar á núgildandi starfskjarastefnu félagsins verði samþykktar:

a) Við 3. mgr. 1. gr. bætist:

„Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs, *tekið mið af jafnlaunastefnu félagsins*, og gætt að jafnréttissjónarmiðum.“

b) Við 2. mgr. 6. gr. bætist:

„*Samtala veitts kaupauka starfsmanns getur á ársgrundvelli að hámarki numið ígildi þriggja mánaða launa viðkomandi starfsmanns.*“

c) Við bætist ný grein sem verður númer 7. og inniheldur eftirfarandi ákvæði:

„*Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendur, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra í þágu félagsins. Félagið skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa þeirra fyrir félagið að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi hlutaðeigandi sem metin er honum sem ásetningur eða stórfellt gáleysi.*

Félagið greiðir tryggingariðgjald starfsábyrgðartryggingar og eðlilegan kostnað af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af framangreindum toga með fyrirvara um rétt til endurkröfu, komi síðar í ljós að viðkomandi hafi í umræddu tilviki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við félagið eða ákvæðum laga í starfi sínu fyrir það.“

Núgildandi grein númer 7. verður þá númer 8.

Að öðru leyti er starfskjarastefna óbreytt frá því sem samþykkt var á aðalfundi 11. mars 2020.

Greinargerð: Tillagan er í samræmi við gildandi starfskjarastefnur annarra félaga á markaði.

5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

Gengi hluta sem keyptir eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu víðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim víðskiptakerfum þar sem víðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af víðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.

Heimild þessi kemur í stað heimildar til stjórnar um kaup á eigin bréfum sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2020 og gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Skal hennar getið í viðauka við samþykkir Regins hf., sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykta félagsins og koma í stað eldri viðauka um sama efni.

6. Tillögur til breytinga á samþykktum

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund, sé tillaga samkvæmt 5. dagskrárlið samþykkt, svohljóðandi viðauka við samþykktir félagsins, sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykta félagsins sem kemur í stað eldri viðauka:

Viðauki:

Á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2020 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

„Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa í eitt skipti eða oftár hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

Gengi hluta sem keyptir eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu víðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim víðskiptakerfum þar sem víðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af víðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.

Heimild þessi kemur í stað heimildar til stjórnar um kaup á eigin bréfum sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2020 og gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Skal hennar getið í viðauka við samþykkir Regins hf. sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykta félagsins“.

7. Kosning félagsstjórnar

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út sjö dögum fyrir aðalfund eða miðvikudaginn 3. mars 2021 kl. 16:00. Liggja endanleg framboð því ekki enn fyrir. Skýrsla tilnefningarnefndar Regins hf. var birt samhliða boðun aðalfundar þann 16. febrúar 2021.

Sérstök athygli er vakin á því að framboðsfrestur rennur út **sjö dögum** fyrir aðalfund, svo sem fyrr greinir, en krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna skal hafa borist stjórn félagsins minnst **fimm dögum** fyrir aðalfund.

Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar. Í tilkynningu skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáræign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðum skal skila á netfangið tilnefningarnefnd@reginn.is.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

8. Kosning endurskoðanda

Stjórn leggur til við aðalfund að Ernst & Young ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2020 voru nefndarmenn í tilnefningarnefnd félagsins kjörnir til aðalfundar 2022. Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar frá 13. september 2018 skal skipunartími nefndarmanna vera tvö ár. Skipan nefndar er því óbreytt fram að aðalfundi 2022.

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun fyrir hvern mánuð árið 2021 verði þannig að þóknun hvers stjórnarmanns verði 355.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns.

Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skuli vera þannig að þóknun hvers nefndarmanns í starfskjaranefnd skuli vera 40.000 kr. á mánuði, þóknun hvers nefndarmanns í endurskoðunarnefnd skuli vera 90.000 kr. á mánuði og þóknun formanns endurskoðunarnefndar skuli vera 150.000 kr. á mánuði. Þóknun hvers nefndarmanns í tilnefningarnefnd skuli vera 60.000 kr. á mánuði og þóknun formanns tilnefningarnefndar skuli vera 90.000 kr. á mánuði.

11. Önnur mál

Aðrar upplýsingar:

Ofangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir aðalfund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 1. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur.

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 16. febrúar 2021.

Stjórn Regins hf.